

Aðalfundur haldinn í safnaðrheimili Hveragerðiskirkju 23. október 1994

eftir messu kl. 15:00, Á fundinn mættu 25 manns.

1,, Alda setti fund og lýsti starfi félagsins á árinu.

Opið hús var einu sinni í viku að Reykjamörk 1. Leiðbeinandi var Sigurbjörg Ólafsdóttir í föndri og einnig var spilað.

Lionsfélag Hveragerðis bauð eldri borgurum í dagsferð til Reykjavíkur í febr.

Jólagleðin var haldin á Örkinni.

Vorgleðin var haldin á Örkinni og var fyrir alla eldri borgara í Ánessýslu. Þar mættu 250 manns.

2,,Ólafur Steinsson gjaldkeri las reikninga félagsins.

Niðurstöðutölur voru kr. 437.002,-.

Fram kom að Verkalýðsfélagið Boðinn gaf kr. 150.000,- til félagsins á árinu og Elli- og hjúkrunarheimilið Grund gaf kr. 50.000,-.

3,, Alda skýrði frá að félaginu byðist aðstaða fyrir opið hús á Hótel Ljósbrá fyrir kr. 6.500,- á mánuði. Funarmenn töldu aðstöðu betri á Hótel Ljósbrá og var Öldu falið að ræða frekar við hóteltjóra. Fyrsta opna húsið verður miðvikudaginn 26. okt. og verður Sigurbjörg Ólafsdóttir leiðbeinandi í föndri.

4, Enginn breyting á stjórn núna og er stjórnin óbreytt.

5,, Önnur mál.

Rætt starf vetrarins, Opið hús verður á miðvikudögum frá kl. 14:00-17:00.

Jólagleðin verður laugardag í des. Og farnar verða 2-3 leikhúsferðir eins og venja er.

Stungið var upp á sumarferð næsta árs verði farin til Hornafjarðar.

Bréf hefur borist frá félagi eldri borgara í Kópavogi dags. 1. okt. '94 með ósk samband bridgedeilda félaga eldri borgara á landinu.

Bréf frá Úlfari Andræssyni sem býður öryggisgæslu á íbúðarhúsum ef flólk bregður sér frá um helgar eða lengri tíma.

Alda kynnti nýútkomna bók um Árnýju Filipusdóttur skólastýru kvennaskólans á Hverabökkum.. Fundi slitið kl. 16:00. Fundarritari Laufey S.Valdimarsd.

Stjórnarfundur heima hjá Laufeyju 29. september 1994

Mættir voru Alda Andrésdóttir, Laufey S. Valdimarsdóttir, Oddgeir Ottesen, Ólafur Steinsson og Guðjón H. Björnsson.

Tilboð kom frá Grænumsmiðjunni þar sem boðið er upp á föndur fyrir eldri borgara og aðstöðu fyrir opna húsið á miðvikudögum gegn kr. 5.000,- gjaldi á mánuði.

Ákvörðun frestað en Alda ræðir við forráðamenn H-lista um Reykjamörk 1, þar hafa eldri borgarar fengið ókeypis inni s.l. vetur.

Fólki býðst að mæta í föndur í Ási.

Laufey veður með bókband í vetur eins og áður og veður það styrkt af félaginu kr. 3.000 á mann, 67 ára og eldri.

Greiða á til Landssambands aldraðra kr. 5.000,- til styrktar útgáfu blaðsins Efri árin og munu þá allir aldraðir í Hveragerði fá blaðið .

Ákveðið að fara dagsferð að Flúðum 8. okt.

Aðalfundur verður haldinn sunnudaginn 23. okt.. Mæta á fyrst í messu kl. 14:00 og halda fundinn kl. 15:00 í safnaðarheimilin með kaffi og kökum.

Jólagleðin verður eins og venja er 1. sunnudag í des. sem er 4. des. Á Hótel Örk. Fólkinu á Ási verður boðið og hver greiðir fyrir sig.

Rætt var um leikhúsferð en ekkert ákveðið.

Rætt um leikfimi fyrir aldraða og Alda ætlar að kanna með aðstöðu fyrir það.

Fundi slitið kl. 18:30. Fundarritari Laufey S. Valdimarsd.

Stjórnarfundur haldinn hjá Laufeyju 21. apríl 1994

Mættir voru: Alda Andrésdóttir, Ólafur Steinsson, Guðjón H. Björnsson, Laufey S. Valdimarsd.

Alda setti fund og sagði frá sameiginlegri vorhátíð í Árnessýslu yrði haldin á Hótel Örk laugardaginn 7. maí kl. 13:30. Alda ætlar að ath. með skemmtiatriði frá okkar fólki.

Á uppstigningadag mun hópur eldri borgara úr Garðabæ koma til messu og munu eldri borgarar í Hveragerði taka á móti þeim í Húsinu á Sléttunni og mun hver greiða fyrir sig.

Skemmtun veður haldin fyrir dvalargestisti á Ási laugard. 14. maí kl. 14:30.

Bréf hefur borist frá Sæluhúsinu á Dalvík dags. 17. mars 94. um ráðstefnu um heilbrigða elli sem haldin verður á Akureyri 13-14. júní 94.

Síðasta opna húsið var 6. apríl en í staðinn verður farið í gönguferðir á laugardögum á milli 10-11.

Hjónin Kristinn Björnsson og Guðríður Indriðadóttir gáfu félaginu lopa sem seldur var á kr. 3.500,-. Þeim er færðar þakkir fyrir þessa gjöf. Fundi slitið. Fundarritari. Laufey S.Valdimarsd.

Stjórnarfundur haldinn hjá Laufeyju 9. mars 1994

Mættir voru: Alda Andrésdóttir, Ólafur Steinsson, Guðjón H. Björnsson, Laufey S. Valdimarsd. og Oddgeri Ottesen.

Ákveðin sumarferð, tilboð hefur komið frá Löngumýri í Skagafirði með mat og gistingu fyrir kr. 8.000,-, reiknað er með gistingu í 3 nætur. Ákveðið að taka þessu tilboði og áætlað að fara 29. júní – 2. júlí.

Tilboð frá Hótel Örk er komið þar sem eldri borgurum af Suðurlandi og Vestmannaeyjum er boðið að taka þátt í skemmtikvöldi 24. mars. Sent verður dreifibréf til allra félagsmanna. Fundi slitið kl. 20:20. Fundarritari Laufey S. Valdimarsd.

Stjórnarfundur í bókbandsstofu Laufeyjar 2. mars 1994

Mættir voru: Alda Andrésdóttir, Ólafur Steinsson, Guðjón H. Björnsson, Laufey S. Valdimarsd. og Oddgeri Ottesen.

Búið að panta 100 þjónustubækur fyrir aldraða og reiknað er með að fólk greiði 100 kr. fyrir bókina.

Sigurbjörg Ólafsd. sem kennir föndur óskar eftir styrk til að fara á námskeið. Samþykkt.

Ólafur Steinsson sagði að í sjóði núna kr. 412.525,-. Hann sagði frá aðalfundi Landssambands sem hann og kona hans Unnur Þórðardóttir fóru á.

Ákveðið að bjóða vistfólki á Ási til kaffidrykkju laugardagin 16. apríl, Alda sér um það.

Farið verður í leikhús 4. mars að sjá – Allir synir mínir.

Hætt var við harmonikkuball sem vera átti 5. mars vegna jarðarfarar.

Fundi slitið kl. 18:00. Fundarritari Laufey S. Valdimarsd.